

Reykjavík, 3. október 2016.

Mál 873. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Umsögn.

1. Í kynningarefni fjármálaráðuneytisins, Opinber fjármál 2017 – 2021. Fjármálastefna og fjármálaáætlun, segir m.a. í glæru nr. 6:

- Andvirði stöðugleikaframlaga verður nýtt til niðurgreiðslu skulda.

2. Við afgreiðslu málsins á Alþingi var einhugur um að stöðugleikaframlög ætti ekki að nota til að fjármagna almenn rekstrarútgjöld ríkissjóðs, enda myndi slíkt jafngilda fjármögnun útgjalda með nýsköpun peninga sem hefði þensluvaldandi áhrif á hagkerfið.

3. Við kynningu á samkomulagi um lífeyrisréttindi kom m.a. fram að ríkissjóður myndi greiða upp rúmlega 91 milljarða skuld sína við lífeyrissjóð opinberra starfsmanna.

4. Að svo búnu myndi ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum sjóðsins falla niður, en stjórn hans yrði gert að axla ábyrgð á lífeyrisgreiðslum til framtíðar líkt og aðrir lífeyrissjóðir.

5. Hér hefur þess ekki verið gætt, að niðurgreiðsla skulda við lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, ólíkt niðurgreiðslu skulda við seðlabankann, jafngildir fjármögnun með nýsköpun peninga sem mun hafa þensluvaldandi áhrif á hagkerfið.

Virðingarfyllst,

Gunnar Tómasson, hagfræðingur
300640-2499